

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns Péturssonar frá 74 Ingjaldshóli“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. apríl 1953. 28. apríl

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Péturssonar frá Ingjaldshóli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Jóns Péturssonar frá Ingjaldshóli“ og er stofnaður af frú Ingveldi Á. Sigmundsdóttur til minningar um mann hennar, Jón Pétursson, sem fæddist 24. febr. 1894 og andaðist 21. febr. 1925.

2. gr.

Sjóðurinn, sem nú nemur kr. 10032.87, skal geymdur í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Gjafir, er sjóðnum kunna að berast, skulu leggjast við höfuðstól hans ásamt hálfum ársvöxtum, en hálfá ársvexti fær stjórn hans, til ráðstöfunar árlega samkvæmt tilgangi hans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vinna að fegrum kringum væntanlegan húsmæðraskóla Snæfellinga, einkum með blóma og trjárækt.

Þar til byrjað verður á byggingu skólans, má verja fé því, sem til úthlutunar kemur árlega, til trjá- og blómaræktar í Snæfellsnessýslu. Nákvæmlega skal þess gætt við úthlutun styrkja, að blettir þeir, sem gróðursett er í, séu vel girtir. Með sama hætti má veita styrki til trjá- og blómaræktar í kirkjugörðum.

Úthlutað skal úr sjóðnum 24. febr. ár hvert, í fyrsta sinn 1954, á 60 ára afmæli Jóns Péturssonar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjár konur úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, valdar á ársfundi Sambands breiðfirzakra kvenna, og skal ein ganga úr stjórninni árlega, þó svo, að endurkosning er heimil. Stofnanda sjóðsins er áskilinn réttur til að stinga upp á konum í stjórnina, enda ber að hafa hana með í ráðum um allar framkvæmdir, meðan hennar nýtur við.

5. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir árlega. Skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendur Sambands breiðfirzakra kvenna og lagðir fram á aðalfundi sambandsins.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.